

Velferðarnefnd Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis leitaði fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn Landssamtakanna Geðhjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar (sálfræðimeðferð), 513. mál.

Geðhjálp fagnar því að þingmenn allra flokka skuli sameinast um að gera geðheilsu almennings jafn hátt undir höfði og líkamlegri heilsu með því að leggja fram frumvarp um niðurgreiðslu sálfræðimeðferðar. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins telja um 33% fólks sig ekki hafa efni á geðheilbrigðisþjónustu, þar er tekjulágt og ungt fólk í meirihluta. Mikilvægt er að tryggja öllum jafnan rétt á geðheilbrigðisþjónustu og skilja ekki eftir allra tekjulægstu einstaklingana sem jafnvel hafa ekki efni á lækniþjónustu eins og er.

Fjölmörg dæmi eru um að niðurgreidd sálfræðiþjónusta hafi skilað sér með ótvíræðum hætti til einstaklinga og samfélaga. Samkvæmt David M. Clark, prófessors við Oxfordháskóla og ráðgjafa breska heilbrigðisráðuneytisins á sviði geðheilbrigðismála, hefur frí sálfræðimeðferð mörg hundruð þúsund Breta ekki aðeins skilað sér í bættum lífsgæðum þessara einstaklinga heldur því að stór hópur fólks hefur treyst sér aftur út í atvinnulífið sem annars hefðu verið frá vinnu vegna geðrænna erfiðleika og örorku<sup>1</sup>.

Að því sögðu hvetur Geðhjálp íslensk stjórnvöld til að taka forystu þegar kemur að sálfræðiþjónustu á Norðurlöndum. Í fyrirleggjandi frumvarpi segir „*samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlæknis á gagnreynd sálfræðimeðferð (sem er sú meðferð sem hefur í rannsóknum sýnt mestan árangur) að vera fyrsti meðferðarkostur við kvíða, þunglyndi og öðrum sálrænum kvillum*“. Þá er margsannað að sálfræðiþjónusta á fyrstu stigum kvíða og vanlíðunar hefur gríðarlegt forvarnargildi.

Opnara aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu eykur líkur á að einstaklingur fái viðeigandi meðferð og geti viðhaldið bata sínum. Af því leiðir að sú fjárfesting að fella sálfræðiþjónustu undir almannatryggingakerfið, bætir geðheilbrigði og heilsulæsi einstaklinga á Íslandi og verður þar með þjóðhagslega hagkvæm. Þar við bætist að álag á heilbrigðisstofnunum minnkar, gæði meðferðastarfa eykst og biðlistar styttest.

Geðhjálp hvetur Alþingi til að leggja fólki með geðrænan vanda lið með því að tryggja aðgengi einstaklinga að sálfræðiþjónustu og gera öllum einstaklingum kleift að nálgast hana, óháð efnahag og aðstæðum. Eins og segir í umræddu frumvarpi „*Enginn á að neita sér um þjónustu vegna kostnaðar eða skorts á aðgengi*“. Með því að samþykkja frumvarpið er stigið nauðsynlegt skref til gera sálfræðimeðferð að raunhæfum kosti fyrir alla sem á henni þurfa að halda.

Virðingarfyllt fyrir hönd Geðhjálpar,  
Hrannar Jónsson, formaður.



<sup>1</sup> <http://www.ruv.is/frett/hagnast-a-thvi-ad-veita-okeypis-salfraedimedferd>